

Bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 3. nóvember 2022 auglýsing vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi vegna lóðarinnar nr. 11 við Starhaga

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi vegna lóðarinnar nr. 11 við Starhaga, birtist í Fréttablaðinu á morgunn, föstudaginn 4. nóvember 2022. Tillagan er í kynningu frá 4. nóvember 2022 til og með 16. desember 2022. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóð <https://2021.reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/starhagi-11>

Starhagi 11

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 12. október 2022 og borgarráðs Reykjavíkur þann 20. október 2022 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Starhaga-Þormóðsstaðavegar vegna lóðarinnar nr. 11 við Starhaga. Í breytingunni sem lögð er til felst stækkun lóðarinnar ásamt stækkun á leikskólanum Sæborg. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:30 – 16:00 frá **4. nóvember 2022 til og með 16. desember 2022**. Einnig má sjá tillögurnar á vefnum, www.reykjavik.is, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 16. desember 2022. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.** mkv.

Þuríður Guðmundsdóttir

Skrifstofufulltrúi

Sími/Tel.: +354 411 1111 / 411 1111

thuridur.gudmundsdottir@reykjavik.is



Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík
www.reykjavik.is